

**EFNI: AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS****VERKNR:****SA118****DAGS: 14.06.2017**

Fundur í stýrihóp haldinn í Árnesi kl. 08:00 – 10:30.

Mætt voru: Einar Bjarnason, Björgvin Skafti Bjarnason, Meike Erika Witt, Gunnar Örn Marteinnsson, Kristófer Tómasson, Pétur Ingi Haraldsson, Gísli Gíslason og Guðrún Lára Sveinsdóttir.

1 LANDNOTKUNARFLOKKAR

Landbúnaðarland

Rætt var um lágmarksfjarlægð íbúðar- og frístundahúsa frá lyktarmengandi starfsemi. Skipulagsráðgjafi gerir tillögur að texta til að setja inn varðandi þetta mál. Umræður sköpuðust um lágmarks fjarlægð frá jarðamörkum og einnig varðandi fjarlægð frá íbúðarhúsum sem tengjast rekstrinum. Reglugerð nr. 520/2015 segir til um lágmarksfjarlægð frá tiltekinni starfsemi en hægt er að setja strangari skilyrði.

Umræður sköpuðust um starfsmannahús s.s. fyrir starfsfólk í ferðapjónustu. Heimilt er að byggja stök íbúðarhús á landbúnaðarlandi sem geta nýst sem starfsmannahús.

Verslunar- og þjónustusvæði

Rætt var um stærðir verslunar- og þjónustusvæða en fjöldi hektara á slíkum svæðum gefur e.t.v. ekki rétta mynd af þeirri starfsemi sem þar er. Gera þarf nokkuð ítarlega grein fyrir starfsemi á hverjum stað fyrir sig og fyrirhugaðri uppbyggingu.

Stakar framkvæmdir

Heimilt verður að setja upp sólarcellur til eigin nota en tekið út stærðartakmörkunin allt að 1 MW. Mikil þróun er í þessari tækni og óþarfi að hafa takmörkunina inni.

Náttúruvá

Flóðasvæði á Skeiðunum er merkt inn á uppdráttinn og þar eru skilmálar s.s. varðandi byggingar. Setja þarf betri afmörkun á svæðið á uppdrættinum.

Varúðarsvæði

Settur verður inn eftirfarandi texti varðandi Stóru-Laxárvirkjun;

Sveitarstjórn hvetur til þess að við afgreiðslu Alþingis á 3. áfanga áætlunarinnar verði Stóru-Laxárvirkjun færð í verndarflokk meðan ekki liggja fyrir óyggjandi rök fyrir því að náttúra og lífríki svæðisins njóti ásættanlegrar verndar við það rask sem virkjunin hefði í för með sér.

2 ÖNNUR MÁL

Farið var á vettvang um frístundasvæðið við Leiti, Sæluvelli. Samkvæmt gildandi skipulagi er svæðið skilgreint sem frístundasvæði. Hugmynd landeiganda er að skipuleggja tvær lóðir fyrir íbúðarhús á landbúnaðarsvæðinu og nokkur frístundahús á frístundasvæðinu. Frístundasvæði F27 minnkar því lítillega.

3 NÆSTI FUNDUR

Gögnin verða uppfærð eftir þennan fund og send til stýrihóps í lok júní/byrjun júlí. Þá verða gögnin einnig send til umsagnaraðila í júlí/ágúst.

Næsti fundur stýrihóps verður 18. ágúst klukkan 08:00.

Íbúafundur verður 22. ágúst.

Tekið saman á Helli 14. júní 2017.

Guðrún Lára Sveinsdóttir / Gísli Gíslason